



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 131 / 343

komudagur 2. 12. 2004

Alþingi

Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2004.
Tilvísun: 2004110038

Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 22. mál, orlofslaun.

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 22. mál, orlofslaun. Markmiðið með frumvarpinu, verði það að lögum, er að tryggja að foreldrar í fæðingarorlofi fái greidd orlofslaun vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.

Hér er að mati ASÍ um mikilvægt réttlætismál að ræða. Sú framkvæmd Fæðingarorlofssjóðs, að greiða ekki orlof ofan á fæðingarorlof, hefur ítrekað verið til umfjöllunar á vettvangi Alpýðusambandsins síðustu misseri.

Málið var til umfjöllunar á Alþingi í byrjun árs 2003, þar sem þáverandi félagsmálaráðherra lýsti þeirri skoðun sinni að greiða ætti orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Framkvæmdinni var skotið til Úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála. Niðurstaða Úrskurðarnefndarinnar vorið 2003 var að staðfesta framkvæmd Fæðingarorlofssjóðs.

Miðstjórn ASÍ fjallaði um niðurstöðu Úrskurðarnefndarinnar. Niðurstaða miðstjórnar var að höfða viðurkenningarmál geng Tryggingarstofnun til breytingar á framkvæmdinni. Málið var höfðað 21. janúar 2004 og dómur kveðin upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 23. september.

Krafa ASÍ var:

Að viðurkennt verði með dómi að Tryggingastofnun ríkisins vegna Fæðingarorlofssjóðs beri að greiða foreldum sem aðild eiga að aðildarfélagum Alpýðusambands Íslands og ávlnna sér ekki rétt til orlofslauna í launaiausu fæðingarorlofi úr hendi launagreiðanda, orlofslaun samkvæmt 7. gr. laga um orlof nr. 30/1987 af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr sjóðnum skv. 2. mgr. 13. gr. laga um fæðingar og foreldraorlof nr. 95/2000.

Dómurinn féllst ekki á kröfu ASÍ og sýknaði Tryggingastofnun.

Þótt Héraðsdómur sýknaði Tryggingastofnun af kröfu Alpýðusambandsins tók hann undir mikilvæga þætti í málflutningi ASÍ fyrir dóminum. Þannig féllst dómurinn á að misræmi sé á milli ákvæða orlofslaga og tilskipunar ESB um að launafólk eigi rétt á orlofslaunum í orlofi og þess að lögin um



fæðingar-og foreldraorlof tryggi ekki að þeir njóti orlofslauna í orlofi vegna fæðingarorlofs. Síðan segir dómurinn: „*Misræmi, sem stefnandi vísar til, breytir ekki efni þessara reglna, enda ber að hafna því sjónarmiði stefnanda að dómurinn geti túikað reglurnar sem hér gilda á þann hátt að slíkt misræmi verði með því leiðrétt.*”

Þá ber að geta þess að í tengslum við breytingar sem gerðar voru á lögnum um fæðingar- og foreldraorlofið 2004 lagði Alþýðusambandið „*ríka áherslu á að tækifærið sem nú gefst, við endurskoðun laga um fæðingar- og foreldraorlof, verði notað til að taka af öll tvímæli um að foreldrar sem eiga aðild að Alþýðusambandi Íslands fái greidd orlofslaun samkvæmt 7. gr. laga um orlof nr. 30/1987 vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslu úr sjóðnum skv. 2. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof.*” Eins og segir í umsögn ASÍ um frumvarpið 19. maí 2004. Við þessum ábendingum ASÍ var ekki orðið.

Það er ljóst að launafólk á almennum vinnumarkaði getur ekki sætt sig við þá niðurstöðu sem nú blasir við og felur í sér að:

- Fæðingarorlof fólks á almennum vinnumarkaði er í reynd styttra en annarra.
- Með því er með alvarlegum hætti brotið gegn þeim markmiðum fæðingarorlofslaganna, að jafna réttindi launafólks á íslenskum vinnumarkaði.

Fyrir liggur að með niðurstöðu Héraðsdóms í máli ASÍ gegn Tryggingastofnun er málið komið á hinn pólitíska vettvang og að það er hlutverk Alþingis að sjá til þess að löggin verði með þeim hætti að markmiðum þeirra verði náð.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Íslands efni frumvarpsins um að foreldrum í fæðingarorlofi fái greidd orlofslaun vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Jafnframt leggur ASÍ áherslu á að frumvarpið verði nú þegar að lögum.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 131/273
komudagur 30.11.2004



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2004

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp um breytingu á lögum fæðingar- og foreldraorlof, 22. mál, orlofslaun.

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum, 22. mál, orlofslaun.

BSRB styður frumvarpið eindregið og vill vekja athygli á eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var á þingi BSRB í október 2003:

„40. þing BSRB fagnar þeim ánægjulega árangri sem náðst hefur í því að bæta réttindi til fæðingarorlofs. Í kjarasamningum bandalagsins við ríki, sveitarfélög og stofnanir, tókst að festa í samninga réttindi til greiðslu sumarorlofs sem einstaklingar ávinna sér í fæðingarorlofi. Það gildir hins vegar ekki um starfsfólk sem heyrir undir lög um Stéttarfélög og vinnudeilur, hvort sem það er innan vébanda BSRB eða utan.

40. þing BSRB beinir því til ríkisstjórnar og Alþingis að gangast fyrir lagabreytingu sem tryggir öllum þeim sem nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs óskertan rétt í sumarorlofi.“

f.h. BSRB
Svanhildur Halldórsdóttir
Svanhildur Halldórsdóttir



Félag
Einstæðra
Foreldra

Alþingi
Erindi nr. P 131/921
komudagur 2.3.2005


28. febrúar 2005

Nefndarsvið Alþingis
Félagsmálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 22.mál, orlofslaun.

Stjórn félags einstæðra foreldra styður umrætt frumvarp.

F.h. stjórnar FEF


Ingimundur Sveinn Pétursson
Formaður FEF

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/607
komudagur 14.12.2004

 TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2004
SS/KSG/084/04

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 með síðari breytingum.

Með vísan til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dags. 17. nóvember 2004, er hér með komið á framfæri athugasemdum Tryggingastofnunar ríkisins / Fæðingarorlofssjóðs við ofangreint frumvarp.


Sem framkvæmdaraðili sér Fæðingarorlofssjóður sér ekki fært að taka beina efnislega afstöðu til frumvarpsins en vill þó koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

Tryggingastofnun ríkisins synjaði kröfu foreldris um greiðslu orlofs á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði á þeim grundvelli að lög nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof veittu enga lagaheimild til greiðslu orlofslauna vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði þar sem ekki væri að finna ákvæði í lögnum sem kvæði á um að greiða skyldi orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Þessi niðurstaða Tryggingastofnunar ríkisins var staðfest af úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála í kærumáli nr. 19/2003 og enn fremur í dómi héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp 23. september sl. Þannig hafa bæði framkvæmdaraðilar og dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að lög nr. 95/2000 hafi ekki að geyma lagaheimild til greiðslu orlofslauna vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.

Af svari sem Tryggingastofnun ríkisins sendi félagsmálaráðuneytinu þann 20. október sl. verður ráðið að hefði lágmarkshlutfall orlofslauna, 10,17%, verið reiknað á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði árin 2001, 2002 og 2003 hefðu útgjöld Fæðingarorlofssjóðs aukist um kr. 237.917.671 árið 2001, um kr. 399.135.239 árið 2002 og um kr. 493.511.975 árið 2003.

Verði frumvarp það sem athugasemdir þessar varða að lögum vill Tryggingastofnun ríkisins koma á framfæri að stofnunin telur að kveða þurfi skýrt á um framkvæmd orlofsgreiðslna í reglugerð t.d. varðandi hvenær orlofsgreiðslur skulu greiddar út, hvort og þá hvernig tryggja megi að foreldri leggi niður störf samhliða orlofsgreiðslum eða hvort orlof skuli greitt út án kröfu um frítöku og hvernig með skuli farið mismunandi réttindi foreldra á vinnumarkaði samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningum.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/518
komudagur 7.12.2004



Jafnréttisstofa

Félagsmálanefnd
Alþingi
150 Reykjavík.

Akureyri 6. des. 2004.


Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til breytinga á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, mál 22, orlofslaun.


Með bréfi dags. 17. nóvember 2004 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til breytinga á ofangreindum lögum. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Hlutverk Jafnréttisstofu er skv. 3. gr. 1. nr. 96/2000 að fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum og hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þegar verið er að skoða orlofstöku kynjanna skv lög um fæðingar- og foreldraorlof er ljóst að konur nýta sér þennan rétt mun meira en karlar. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins eru meðaldagafjöldi kvenna í fæðingarorlofi 2003 182 dagar en karla 94 dagar. Konur missa því mun frekar orlofsrétt vegna töku fæðingarorlofs.

Jafnréttisstofa vill því benda á að konur eru að þessu leyti verr staddar en karlar og því ástæða til að staða kynjanna að þessu leyti verði jöfnuð.

Virðingarfyllst


Margrét María Sigurðardóttir framkvæmdastjóri



KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

stofnað 27. janúar 1907.
Hallveigarstöðum.
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/592
komudagur 13. 12. 2004


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. desember 2004.

Samkvæmt beiðni þar um, gefur Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 22. mála, orlofslaun:

KRFÍ styður frumvarpið heils hugar enda er um mikið réttlætismál að ræða. Hætt er við að sú staðreynd að ekki eru greidd orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði, hafi áhrif á það, a.m.k. í einhverjum tilvikum, að feður taki feðraorlof. Ekki síst af þeim sökum telur KRFÍ brýnt að frumvarpið verði að lögum, svo tryggt verði hið mikla spor í jafnréttisátt sem af lögunum leiðir.

Virðingarfyllst,



Þorbjörg I. Jónsdóttir
formaður KRFÍ

Alþingi
Erindi nr. P 131/659
komudagur 22.12.2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2004

Efni: Frv. til l. um br. á l. um fæð.- og fororlof, nr. 95/2000 (22. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að orlofslaun verði greidd af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Verslunarráð skilaði inn samskonar umsögn í fyrra. Í greinargerð er ekkert tekið fram hvað slík orlofslaun myndu kosta Fæðingarorlofssjóð. Verslunarráði þykir rétt að slík kostnaðaráætlun komi fram einkum með tilliti til þess að kostnaðaráætlun sú sem kynnt var í greinargerð með frumv. til umræddra laga hefur fráleitt staðist.

Sjóðurinn stendur mjög illa og á síðasta ári var sjóðurinn rekinn með rúmlega þrettánhundruð milljóna króna halla. Eigið fé sjóðsins í byrjun þessa árs voru tæpar tólfhundruð milljónir. Áætluð útgjöld þessa árs eru um sexþúsundsgjöndruð milljónir króna. Framlag ríkisins er fjögurhundruðtuttuguogtvær milljónir. Því er ljóst að tryggingagjald ársins þarf að vera fimmþúsundog eitthundrað milljónir. Ef iðgjaldið verður minna verður sjóðurinn rekinn með halla. Á síðustu tveimur árum hefur tryggingagjaldið verið um fjórir milljarðar. Til að koma í veg fyrir hallarekstur sjóðsins verður annaðhvort að minnka fjárstreymi úr sjóðnum eða auka tekjur hans. Hækkun tryggingargjalds kemur niður á launagreiðendum og atvinnulífinu í heild. Tryggingargjald er skattur sem leggst að lokum þyngst á þá launþega sem síst mega við því. Verslunarráð leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigrúður Ármann

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is